

12. fundur atvinnumálanefndar Skaftárhrepps, kjörtímabilið 2014 – 2018, haldinn þann 29. nóvember 2017, kl. 20:00, á veitingastaðnum Gíg. Gunnar Pétur Sigmarsson boðaði forföll.

Mættir undirritaðir fulltrúar nefndarinnar.

Á fundinn mættu undirritaðir fundarmenn.

Dagskrá:

1) Fjárhagsáætlun og áherslur fyrir árið 2018.

Yfirfarin fjárhagsáætlun og gerðar athugasemdir við eftirfarandi:

1. Friður og frumkraftar og Katla Geopark: Skoða þarf fjárveitingar til þessara stofnana með tilliti til óvissu um samstarf og samlegðaráhrif þeirra. Í því ljósi þarf að tryggja rekstur Friða og frumkrafta svo ekki tapist mikilvægt starf í Skaftárhreppi. Komi ekki til samstarfs við Kötlu geopark er nauðsynlegt að rekstur Friða og frumkrafta verði tryggður og fjárframlag til þeirra verði 2.000.000 kr. að minnsta kosti.
2. Fjaðrárgljúfur: Atvinnumálanefnd lýsir yfir miklum áhyggjum yfir málefnum Fjaðrárgljúfurs. Heildarendurskoðun þarf á málefnum þess. Á síðustu árum hefur þar farið fram mikil innviðaupbygging af opinberu fé og mikil þörf er enn á bættri aðstöðu. Frekari tekjur þurfa að koma til (gjaldtaka) en talsverð óvissa er um framtíð Fjaðrárgljúfurs vegna eignarhalds.
3. Atvinnumálanefnd telur mjög mikilvægt að upplýsingamiðstöð sé opin allt árið. Ferðamálastofa skilgreinir Kirkjubæjarklaustur sem öryggispunkt og er því mikilvægt að tryggð sé heilsárstaða starfsmanns.

2) Verkefnisstjóri Skaftárhrepps til framtíðar – Staða mála.

Puríður Helga Benediktsdóttir hefur tekið við starfi Eirnýjar Valsdóttur og heldur áfram með verkefni og verkáætlun sem komin var af stað í verkefninu Skaftárhreppur til framtíðar. Sumum hefur verið náð og unnið er áfram að vinnslu þeirra sem eftir eru.

- Á verkáætlun 2013 var sett stefna á að 15 íbúðir yrðu byggðar í sveitarfélaginu, því hefur nú verið náð.
- Styrkir hafa fengist í ljósleiðara í verkefnið Íslands ljóstengt.
- Í sambandi við ríkisjarðir í Meðallandi er verið að vinna skýrslu eftir heimsókn fjármálaráðuneytisins sem síðar verður lögð fyrir sveitarstjórn.
- Afþreying á svæðinu hefur farið vaxandi síðastliðin ár.

Atvinnumálanefnd vill nota tækifærið og þakka Eirnýju Valsdóttur fyrir störf í þágu nefndarinnar og atvinnulífs í Skaftárhreppi.

3) Kjörbúð á Klaustri í nútíð og framtíð.

Staða kjörbúðarinnar rædd.

4) Mannauður erlendra ríkisborgara í atvinnulífi Skaftárhrepps.

Margir erlendir starfsmenn eru við vinnu í Skaftárhreppi og er sumir þeirra með hátt menntunarstig. Atvinnumálanefnd vill leggja til að þessi mannaúður verði kortlagður og hvetjum við sveitarfélagið og fyrirtæki í Skaftárhreppi að auglýsa störf og stöður á fleiri en einu tungumáli. SASS áætla að fara af stað með svipað verkefni og er atvinnumálanefnd tilbúin að taka þátt í því starfi hér í Skaftárhreppi.

5) Sauðfjárrækt og sláturhúsin.

Atvinnumálanefnd Skaftárhrepps vill skora á tilvonandi landbúnaðarráðherra að hefja opinbera rannsókn á þætti sláturleyfishafa í myndun afurðaverðs til sauðfjára á árinu 2017.

6) Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert, fundargerð lesin yfir og samþykkt. Fundi slitið kl. 23:44.

Þorsteinn M. Kristinsson (sign)

Sveinn Hreiðar Jensson (sign)

Þuríður Helga Benesdíktsdóttir (sign)

Auður Eyþórsdóttir (sign)